

## AUGLÝSING

### um breytingu á Skoðunarhandbók, sbr. auglýsingu nr. 437 30. júní 1998.

Ráðuneytið hefur staðfest breytingar á skoðunarhandbók og stoðriti við hana þar sem tilgreint er hver skuli vera framkvæmd skoðunar skoðunarskyldra ökutækja, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998, sbr. auglýsingu um útgáfu Skoðunarhandbókar nr. 437 30. júní 1998.

Breytingarnar sem eru dagsettar 1. júlí 2003 og bera útgáfunúmerið 11 öðlast þegar gildi.

Umferðarstofa annast dreifingu Skoðunarhandbókar til skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða.

Þetta tilkynnist hér með.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. ágúst 2003.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

---

*Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.*